

Landsyfirrjettardómar 1895.

Mánudaginn 21. janúarmánaðar.

Nr. 52/1894.

Rjettvísinn

gegn

Ólafi Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með dómi kveðnum upp 25. okt. 1894 í aukarjetti Akureyrarkaupstaðar var hinn ákærði Ólafur Þorsteinsson dæmdur fyrir brot á móti 299. gr. almennra hegningarlaga í 8 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 3 daga einföldu fangelsi. Svo var hann og dæmdur til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin varnarlaun til hins skipaða verjanda Páls Jónssonar.

Hinn 9. júlí 1894 var bæjarfógetanum á Akureyri færð 4 vetra hryssa, er var meidd beggja megin hryggjarins, járnalaus á öðrum apturfæti og með sári á eyranu. Deginum fyrir hafði hinn ákærði riðið hryssunni, er hann átti, all-langan veg, og er sannað, að á henni var, er hann tók

hana til brúkunar þann dag, vinstra megin hryggjarins gómstór hárlaus blettur (skinngað fleiður), en hægra megin vermibólur bólgulausar, eins og líka, að hryssan þá var aljárnuð. Það má álíta óefað, að bakmeiðsli þau, sem á merinni voru daginn eftir að ákærði brúkaði hana, stöfudu af brúkuninni, eins og líka, að hann hefur riðið undan henni á öðrum apturfæti, en hins vegar verður ekki álitid, að ákærði, þótt hann riði hryssunni eins og hún var á sig komin 8. júlí, hafi með svofelldri brúkun, þótt meiðsli af hlytist, gjört sig sekan í þrælslegri misþyrmingu eða grimmdarfullri og miskunnarlausri meðferð á hryssunni, og hefur hann því ekki brotið móti 299. gr. hegningarlaganna. Að því leyti sárið á eyranu snertir, sem ekki er nánara lýst í prófunum, þá er ekki ástæða til að vefengja þann framburð ákærða, að honum hafi ekki verið kunnugt um, á hvern hátt það hefur til orðið. Það verður því í þessu máli að sýkna ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og ekki áður hefur verið hegnt fyrir neinn glæp.

Að því kemur til meðferðar málsins í hjeradi, þá hefur hjeradsdómarinn með því að setja ákærða í varðhald brotið gegn 48. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874, og verður hann samkvæmt 130. gr. almennra hegningarlaga að sæta ábyrgð fyrir, og skal hann sektaður um 50 kr. til landssjóðs, eins og hann líka verður að greiða þann kostnað, sem varðhald ákærða hefur haft í för með sjer. Annar málskostnaður greiðist af almannafje, þar með

talin málsvarnarlaun í hjeraði 4 kr. og málfutningslaun til sóknara og svaramanns við yfirdóm-inn, 10 kr. til hvors þeirra.

Að öðru leyti en ofan um getið hefur meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus, og sókn og vörn í því við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Ólafur Þorsteinsson á að vera sýkn af ákæru sóknarans í þessu máli. Málskostnaður — að undan skildum varðhaldskostnaði ákærða — þar á meðal 4 kr. til talsmanns ákærða í hjeraði Páls Jónssonar og málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, cand. juris H. Thorsteinson og málaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje. Hjeradsdómarinn, bæjarfógeti Klemens Jónsson, greiði í sekt til landssjóðs 50 kr., svo og kostnað þann, sem leitt hefur af varðhaldi ákærða, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa; sæti ella aðför að lögum.

Nr. 43/1894: Fjárhaldsmaður barna Páls Eggerz
 gegn
 dánarbúi Pjeturs Eggerz (skiptaráð-
 andanum í Reykjavík o. fl.).

D ó m u r :

Þegar bú fyrverandi kaupmanns Pjeturs heit-